Hafnarfjörður

4. nóvember 2026

Ungmennaráð hefur áhyggjur af stöðu kynfræðslu og kynjafræði í grunnskólum. Við óttumst það að börn í grunnskólum Hafnarfjarðar sitji ekki við sama borð þar sem kennsla er mjög góð og hnitmiðuð í sumum skólum en annars staðar er engin eða mjög lítil kennsla.

Fræðsluráð samþykkti tillögu ungmennaráðs árið 2022 um betri kynfræðslu í skólum og frá hausti 2023 átti kynfræðsla og kynjafræði að vera kennd í öllum skólum. Við vitum að það hefur ekki staðist og því miður er mikill munur á milli skóla og árganga hvað þetta varðar. Við óskum eftir því að fræðsluráð skoði það að bæta þessa fræðslu í skólum.

Við höfum áhyggjur af auknu ofbeldi, fordómum og jaðarsetningu barna í skólum og vitum að þessi fræðsla getur dregið úr því. Eins hefur verið mikil umræða um kynferðisofbeldi og markaleysi hjá ungu fólki og við teljum að þessi fræðsla sé lykilatriði til að fræða börn um það.

Ungmennaráð leggur til að gerð verði úttekt á því hvernig þessi fræðsla er í skólum og að fræðsluráð sjái til þess að öll börn í grunnskólum Hafnarfjarðar fái þessa mikilvægu fræðslu.